

Viðauki við lýsingu SEL I hs.

Viðauki þessi varðar lýsingu SEL I hs., kt. 660424-9970, Borgartúni 19, 105 Reykjavík (hér eftir „SEL I“, „útgefandi“ eða „sjóðurinn“) og samanstendur af samantekt, útgefandalýsingu og verðbréfalýsingu dagsettum 1. nóvember 2024. Lýsingin er gefin út í tengslum við töku skuldabréfaflokksins SEL1 27 12 til viðskipta á First North markaði Nasdaq Iceland.

Viðauki þessi er birtur á grundvelli laga nr. 14/2020 um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði, sbr. 23. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129 („Lýsingarreglugerðin“).

Lýsing útgefanda skal höfð til hliðsjónar við lestur viðauka þessa og gilda skilgreiningar í lýsingunni jafnframt um viðauka þennan. Eftir birtingu viðaukans myndar viðaukinn órjúfanlegan hluta lýsingarinnar. Viðaukinn hefur verið staðfestur af Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands, sem lögbundins stjórnvalds í skilningi Lýsingarreglugerðarinnar.

Staðfesting Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands á viðauka þessum felur eingöngu í sér staðfestingu þess, að viðaukinn uppfylli þær kröfur að hann sé fullnægjandi, skiljanlegur og samkvæmur því sem kveðið er á um í Lýsingarreglugerðinni. Því ber ekki að líta á staðfestingu stjórnvaldsins sem stuðning við útgefandann eða staðfestingu á gæðum verðbréfanna sem viðaukinn varðar. Fjárfestar skulu sjálfir meta hvort þeim henti að fjárfesta í verðbréfunum.

Tilgangur viðaukans er að skýra út uppgjör vegna viðskipta með skuldabréfin og innleiða nýjan áhættuþátt í lýsingu SEL I

Í samræmi við skilmála skuldabréfsins skal greiðsla á lokagjalddaga höfuðstóls vera greidd í USD. Til að tryggja það mun uppgjör, af hálfu útgefanda, á lokagjalddaga höfuðstóls því ekki fara fram í gegnum kerfi Nasdaq verðbréfamiðstöðvar heldur beint á milli útgefanda og eigenda skuldabréfa í gegnum þá viðskiptabanka þar sem skuldabréfin eru vörsluð.

Hinn nýi áhættuþáttur skal felldur inn í verðbréfalýsingu útgefanda og skal þar birtast sem nýr undirkafl í 1. kafla verðbréfalýsingarinnar, auðkenndur sem kafla 1.2.11 og skal yfirskrift hans og efni vera eftirfarandi:

„1.2.11 Gjaldmiðlaáhætta

Greiðsla á lokagjalddaga skuldabréfsins skal vera greidd í USD í samræmi við skilmála skuldabréfsins. Uppgjör mun fara fram beint á milli útgefanda og eigenda skuldabréfa en ekki í gegnum kerfi Nasdaq verðbréfamiðstöðvar. Komi til þess, af einhverjum orsökum, að greiðsla á lokagjalddaga höfuðstóls skuldabréfsins þurfi að fara í gegnum kerfi Nasdaq verðbréfamiðstöðvar, þá fylgir því gjaldmiðlaáhætta fyrir eigendur skuldabréfanna, þar sem slíkt uppgjör þyrfti að eiga sér stað í íslenskum krónum („ISK“) í stað USD og ekki liggur fyrir hvert gengi ISK gagnvart USD yrði á þeim degi er slík gjaldmiðlaskipti ættu sér stað.“

Viðauki – SEL I hs.

Yfirlýsing ábyrgðaraðila viðauka

Stjórnarformaður og framkvæmdastjóri Stefnis hf. lýsa því yfir fyrir hönd SEL I, sem útgefanda, að samkvæmt þeirra bestu vitund séu upplýsingarnar í viðaukanum í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum sé sleppt úr viðaukanum sem gæti haft áhrif á áreiðanleika hans.

Reykjavík, 5. nóvember 2024

Fyrir hönd Stefnis hf.

Sigrún Ragna Ólafsdóttir, stjórnarformaður

Jón Finnbogason, framkvæmdastjóri

Undirritunarsíða

F.h. Stefnis hf.
Sigrún Ragna Ólafsdóttir

F.h. Stefnis hf.
Jón Finnbogason